

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 10321/2019

Reykjavík, 22. janúar 2020

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir  
dómsmálaráðherra  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Í desembermánuði síðastliðnum barst mér kvörtun einstaklings yfir töfum á afgreiðslu máls hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu sem varðar umgengni við dóttur viðkomandi. Málið hefur verið til meðferðar hjá sýslumanni frá 28. júní 2017 eða í rúmt tvö og hálf t.ár. Í bréfi sýslumanns til mín, dags. 8. janúar sl., vegna málsins kemur m.a. fram að dregist hafi að ákveða næstu skref í málinu vegna viðvarandi manneklu en að það sé nú í tilteknum farvegi. Ég hef því tilkynnt viðkomandi um að ég telji ekki tilefni til að aðhafast frekar í máli hans að svo stöddu en leiðbeint honum um möguleikann á að kæra tafir á málinu til dómsmálaráðherra, sbr. 4. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Hins vegar tel ég mál hans, bréf sýslumanns til mín í tilefni af því og fjölmiðlaumfjöllun um stöðu fjölskyldumála hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu gefa mér tilefni til að rita ráðherra þetta bréf.

Í framangreindu bréfi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu til mín segir m.a.:

„Varðandi málsmeðferðartíma hjá embættinu almennt, má benda á að óviðunandi bið er eftir því að ágreiningsmál [fái] umfjöllun hjá embættinu. Þannig þurfa mál sem ekki njóta sérstaks forgangs nú að bíða svo mánuðum skiptir áður en þau fá umfjöllun hjá fulltrúum embættisins. Þá liggur einnig fyrir að bið eftir aðkomu sáttamanna skv. 33. gr. a. barnalaga er talin í mánuðum.“

Á vefsíðu sýslumanns kemur m.a. fram að 2. janúar sl. hafi erindi sem varða umgengni, forsjá, lögheimili, meðlag, sérstakt framlag og menntunarframlag og bærust fyrir 20. maí 2019 verið tekin til meðferðar. Mál sem hafi verið vísað í sáttameðferð fyrir 14. maí 2019 hafi verið tekin til umfjöllunar hjá sáttamönnum. Ég vænti þess að ráðherra sé kunnugt um þessa stöðu mála.

Þessi málaflokkur varðar mannréttindi og verulega persónulega hagsmuni barna og foreldra. Miklar tafir á afgreiðslu mála sem t.d.


varða umgengni geta eftir atvikum falið í sér brot á réttinum til fjölskyldulífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. (Sjá í því sambandi t.d. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 2. apríl 2015 í máli Ribić gegn Króatíu.) Að mati sýslumannsembættisins sjálfs er óviðunandi bið eftir því að ágreiningsmál fái umfjöllun. Sifjaréttur, þ. á m. málefni barna, að barnavernd undanskilinni, heyrir undir dómsmálaráðuneytið. Stjórnsýsla á þessu sviði er því almennt á ábyrgð dómsmálaráðherra og framkvæmd hennar er í höndum sýslumanna sem heyra undir ráðherra.

Í ljósi framangreinds óska ég þess, með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að dómsmálaráðuneytið veiti mér upplýsingar um hvort ráðuneytið hyggist eða hafi þegar gripið til einhverra aðgerða til að bregðast við þeim vanda sem uppi er hjá embættinu og geri mér þá grein fyrir þeim fyrirætlunum. Ef svo er ekki er þess óskað að ráðuneytið skýri ástæður þess og lýsi afstöðu sinni til þess hvort það samrýmist yfirstjórnar- og eftirlitshlutverki ráðherra gagnvart sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til almennra málshraðareglna stjórnsýsluréttarins og þeirra réttinda og hagsmuna sem í húfi eru. Í ljósi umfjöllunar í fjölmiðlum um tafir á þinglýsingum og skráningu skjala hjá sama embætti er þess einnig óskað að upplýst verði hvort ráðuneytið hafi brugðist við því.

Framangreind beiðni þessi er sett fram til þess að ég geti metið hvort tilefni sé til að taka framangreinda þætti í stjórnsýslu ráðuneytisins til almennrar athugunar á grundvelli þeirrar heimildar sem mér er fengin með 5. gr. laga nr. 85/1997, einkum og sér í lagi vegna tafa á afgreiðslu fjölskyldumála hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Ég óska þess að svör berist mér ekki síðar en 7. febrúar nk.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson